Drög að svari Fagráðs í sauðfjárrækt

**SPURNING**

2. Tillögur sauðfjárbænda að útfærslu á aðgerðum þegar riðuveiki greinist í hjörð.

**SVAR**

Fagráð í sauðfjárrækt og Deild sauðfjárbænda eru sammála um að eftirfarandi áherslur verði hafðar til hliðsjónar við útfærslu á aðgerðum þegar riðuveiki greinist í hjörð.

- Unnið verði að breytingum á reglugerð á grunni ESB reglugerðar 999/2001, viðauka VII, kafla B.
- Lögð verði áhersla á að breyta verkferlum í ljósi innleiðingar á verndandi arfgerðum. Þetta þarf að taka gildi sem allra fyrst. Mikilvægt er að innleiða Option 2 og Option 3 í ESB-reglugerðinni þar sem tekið verði tillit til íslenskra aðstæðna.
- Unnið verði að breytingum á reglugerðinni þannig að tekið sé tillit til hugsanlega verndandi arfgerða en ekki sé eingöngu horft til ARR.
- Við styðjum tillögur sem fram eru komnar frá Karólínu Elísabetardóttur og Eyþóri Einarssyni (ítarefni) og teljum að þar sé kominn góður grunnur til að vinna áfram að útfærslum á aðgerðum.
- Við hvetjum til þess að fulltrúar sauðfjárbænda verði hluti af stýrihóp sem vinnur áfram að endanlegum tillögum að innleiðingu nýrra aðgerða þegar riðuveiki greinist í hjörð.
- Brýnt er að endurskoða útreikninga og framkvæmd bótagreiðslna til bænda, þegar riða greinist í hjörð, í samráði við fulltrúa sauðfjárbænda.

**ÍTAREFNI**

230504 Áætlun um leiðir (options) 2 og 3 – tilögur